



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

7. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 4. mars 2024, sem er fjarfundur að þessu sinni.

#### Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

#### Dagskrá

1. Verkefni undanfarið og fram undan
2. Aðalfundur og árshátíð 2024
3. Önnur mál

Verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni undanfarið og þau helstu sem *framundan* eru.

#### Markaðsmál

##### Samstarf við ferðapjónustufyrirtæki

Í janúar og febrúar sendi verkefnastjóri út árlega áminningu til fyrirtækja að yfirfara vel skráningar sínar á landshlutavefnum south.is sem markaðsstofan sér um. Efnið er fært inn í gagnagrunn Ferðamálastofu og þar með uppfærast efni fyrirtækis á ferdalag.is og visiticeland.com samhliða uppfærslu á vefnum south.is.

## **Eldfjallaleiðin**

Fundur var haldinn með Markaðsstofu Reykjaness um framhald kynningar á leiðinni. Báðir aðilar eru sammála um að það sé alveg orðið tímabært að fara að setja í loftið viðeigandi fræðsluefni um eldvirkni og hvernig þjóðin hefur búið með henni í gegnum aldirnar. Ákveðið var að bjóða Íslandsstofu kynningu á verkefninu og var fundur verkefnastjóra síðastliðinn föstudag. Unnin hefur verið áætlun um hvaða sögu skal segja, tilgang, markmið, almannatengsl og fleira.

Haldinn var morgunfundur markaðsstofunnar síðastliðinn þriðjudag þar sem framhaldið var kynnt fyrir fyrirtækjum. Fulltrúar fyrirtækjanna sem mætt voru eru spenntir fyrir að geta byrjað að nýta leiðina.

## **Samfélagsmiðlar, vefur og áhrifavaldar**

Vinna við vef og samfélagsmiðla er sífellt í gangi. Fundað var með fulltrúum spennandi verkefnis um matartengdan þátt. Einnig var samtali við nokkra áhugasama áhrifavalda, m.a. í samtali við Íslandsstofu.

## **Samstarf við sveitarfélög og SASS**

- Fundað var með faghóp sveitarfélaganna um miðjan febrúar þar sem m.a. voru rædd kortamál og farið yfir hvað er helst að fréttu á svæðunum.
- Framkvæmdastjóri hitti sveitarstjórnir Flóahrepps og Rangárbings eystra í febrúar og kynnti starfsemi MSS.
- Vala aðstoðaði jarðvang og sveitarfélög við að klára uppfærslu á Kötlu jarðvangs kortinu og er það að verða klárt í prentun. Áður hafði verið lokið við Gullna hrings kortið og *fram undan er að klára kortið með Ríki Vatnajökuls*.
- Fundur með framkvæmdastjóra SASS þar sem rætt var hvernig framhaldi samstarfs skuli háttað. Samningur geti ekki verið óbreyttur.
- Efni var tekið saman um Invest South verkefni fyrir framkvæmdastjóra SASS.
- Framkvæmdastjóri hefur átt fyrsta fund með greinanda á vegum stjórnar SASS um fyrirkomulag áfangastaðastofu á Suðurlandi.
- Á tímabilinu var nokkrum fyrirtækjum veitt ráðgjöf um markaðsmál hjá MSS.
- Búið er að opna fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð og búið að kynna á samfélagsmiðlum MSS og hóp samstarfsaðila.

## **Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)**

Nokkrir fundir forstöðumanna MAS hafa verið frá síðasta stjórnarfundum um samninga ársins. Þá fór fram undan sameiginlegur vinnufundur allra starfsmanna MAS á Vesturlandi 21.-22. febrúar. Þar var meðal annars haldinn vinnufundur með fjórum starfsmönnum Íslandsstofu um sameiginleg verkefni og áherslur samninga þessa árs. Íslandsstofa þurfti að draga úr framlögum til markaðssetningar landshlutanna í samningum ársins. Mikilvægt er að tryggja á ný aukna fjármögnun til sameiginlegra verkefna og verða þeir

fulltrúar skipaðir til að vinna sérstaklega tillögur. MAS var einnig beðið um að tilnefna tvo fulltrúa, karl og konu, í starfshóp um endurskoðun á verklagi í kringum brún skilti.

### **Samstarf við Ferðamálastofu**

Samningur undirritaður við Ferðamálastofu fyrir 2024, óbreytt upphæð frá fyrri samningi.

Framkvæmdastjóri fundaði með nýjum starfsmanni Ferðamálastofu sem fer með öryggismál. Fundað var á Hvolsvelli og sat markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárpings eystra einnig fundinn.

Verkefni sem MSS lagði til um handbók um uppbyggingu áfangastaða var samþykkt af Ferðamálastofu og leggur til þess fjármagn.

*Framundan er fundur með FMST og vinna við þessa handbók.*

Framkvæmdastjóri sat í vinnuhóp um aðgerðaáætlun stjórnvalda sem fjallaði um rannsóknir, gögn og nýsköpun. Um miðjan janúar skilaði hópurinn af sér lokatillögum sínum til stýrihóps verkefnisins. Ráðherra hélt kynningarfund um aðgerðaáætlun á Hvolsvelli 21. febrúar og framundan er fundur á Höfn 6. mars. Nú er komin í samráðsgátt tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030. Frestur til að skila inn umsögn er til 12. mars. Áfangastaðastofur eru mjög víða nefndar sem framkvæmdaraðilar eða samstarfsaðilar aðgerða.

<https://samradapi.island.is/api/Documents/9504f99c-22d6-ee11-9bc1-005056bcce7e>

### **Samstarf við Íslandsstofu**

Eins og fyrr segir var haldinn fundur í Hvammsvík í Hvalfirði með forstöðumönnum Markaðsstofa landshlutanna og lykilstarfsfólki hjá Íslandsstofu í samstarfinu. Þar sem fjármagn lækkar voru rædd verkefni sem verða sett í forgang í samstarfinu og í framhaldi verður svo unnið að því að skýra ferla, verklag og umfang verkefna.

### **Innra starf**

#### **Morgunfundir**

Morgunfundir Markaðsstofunnar fóru aftur af stað eftir svolítið hlé í desember og var febrúarfundurinn nýttur í að ræða framhald eldfjallaleiðarinnar þegar kemur að fyrirtækjunum. Kynning Völu var sett inn á Facebook-hóp samstarfsfyrirtækjanna. Mikill áhugi er hjá fyrirtækjum að hafa þessa fundi til að ræða mál sem eru í gangi hverju sinni og ákveðið var að hafa fasta fundi einu sinni í mánuði fram á vor til að byrja með.

#### **Uppgjör ársins**

Vinna er hafin með KPMG við uppgjör ársins.

#### **Ýmsir fundir og ráðstefnur**

Starfsmenn fylgjast með því sem er í gangi á vettvangi ferðapjónustunnar og sækja þá viðburði sem eru viðeigandi og tækifæri á að sækja, á stað eða rafrænt. M.a. má nefna þessa:

- Segjum sögur í markaðssetningu (storytelling), á trú nó með Auði

- Opnun nýrrar gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Klaustri

*Framundan er fundur um Norðurljósaferðamennsku 12.mars á Hvolsvelli.*

#### **Aðalfundur og árshátíð 2024**

- Aðalfundur og árshátíð MSS verða haldin 19. apríl á Hótel Selfossi. Framkvæmdastjóri og starfsmenn vinna að undirbúningi viðburðar. Málþing, rætt var um hvernig umfjöllun um uppbyggingu áfangastaða, fyrirtækja, sveitarfélaga, þjóðgarða.
- Staða stjórnarmanna: Við þurfum að auglýsa möguleika á framboði til stjórnar mánuði fyrir aðalfund, svo það er 19. mars. Gott væri að fá svör frá fulltrúum í stjórn hvort þeir sækist eftir að vera áfram. Þeir sem eru tilnefndir kanni sitt bakland og sendi á framkvæmdastjóra fyrir aðalfund.

#### **Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 11:00